

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/58/EB****frá 3. september 1996****um breytingu á tilskipun 89/686/EBE um samræmingu laga  
aðildarríkjanna um persónuhlífar(\*)****EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFNA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100.  
gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í  
sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 89/686/EBE <sup>(4)</sup> er kveðið á um að allar persónuhlífar  
skuli vera með CE-merki og að því skuli fylgja viðbótar-  
upplýsingar um árið sem merkið var fest á.

Þó að ártalið sé tilgreint eykur það á engan hátt öryggi notanda  
persónuhlífarinnar. Hætta er á að þessum upplýsingum sé ruglað  
saman við síðasta notkunardag en hann skal tilgreina á öllum  
persónuhlífum sem geta úrelst með tímanum.

Það er íþyngjandi fyrir framleiðendur að þurfa að tilgreina árið.  
Kostnaðurinn sem því fylgir er langt því frá að vera hverfandi.

Með tilliti til dreifræðisreglunnar er einungis unnt að fella niður  
kröfuna um að tilgreina þurfi hvaða ár CE-merkið hafi verið fest  
á, og einfalda þar með málið fyrir framleiðendur, með tilskipun  
um breytingu á tilskipun 89/686/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Í IV. viðauka við tilskipun 89/686/EBE falli eftirfarandi texti niður:

„Viðbótarupplýsingar

- Tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var  
sett á; þessara upplýsinga er ekki krafist ef um er að ræða  
persónuhlífar sem um getur í 3. mgr. 8. gr.“

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og  
stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar  
1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1997.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim  
tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær  
verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um  
slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu  
ákvæði úr landslögum sem verða samþykkt um málefni sem  
tilskipun þessi nær til.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 44, var  
nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/97 frá  
4. október 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af  
EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 23, 27. 1. 1996, bls. 6.

(2) Stjtið. EB nr. C 97, 1. 4. 1996, bls. 8.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996,  
bls. 60), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. júní 1996 (Stjtið. EB nr.  
C 220, 29. 7. 1996, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. júlí 1996  
(Stjtið. EB nr. C 261, 9. 9. 1996).

(4) Stjtið. EB nr. L 399, 30. 12. 1989, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt  
með tilskipunum 93/68/EBE (Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1) og  
93/95/EBE (Stjtið. EB nr. L 276, 9. 11. 1993, bls. 11).

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**

forseti.